

Fundargerð

Stjórnarfundur FHA haldinn 27. Janúar, 2012 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Guðmundur Óskarsson (GÓ), Hjördís Sigursteinsdóttir, Ólína Freysteinsdóttir (ÓF) og Kristín Þórarinsdóttir (KÞ). Kristín Þórarinsdóttir ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Launamál

Frá og með áramótum færast launatöflur félagsmanna til hægri um einn flokk. Þá gengur 5% launaskerðing til baka. Hjördís ræddi að nefnd væri að skoða launamyndun á almennum launamarkaði

2. Vinnumatssjóður.

Rætt var um ágreiningsmálin sem upp komu í kjölfar samþykktar Háskólaráðs á nýjum reglum um vinnumatssjóð í desember síðastliðin. Rætt var sérstaklega hvernig bregðast skyldi við þeirri persónulegu atlögu sem stjórnarmaður varð fyrir vegna samþykktarinnar.

3. Sameining við Félag Háskólakennara (FH)

Möguleg innganga í FHA í FH var rædd stuttlega.

4. Önnur mál

Samþykktir voru 3 styrkir vegna endurmenntunar.

Fundi slitið kl. 13.